

Hússtjórn Þjóðveldisbæjarins

3.10.2023

kl. 10–15:30

Árnes (Skeiða-og Gnúpverjahreppur)

Fundinn sátu: Guðmundur Finnbogason, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Haraldur Þór Jónsson (vm), Vilhelmína Jónsdóttir, Harpa Þórsdóttir og Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir fyrrum formaður (vm)

Fundargerð

1. Ný stjórn kynnr sig

Fundarmenn kynntu sig í stuttu máli. Fulltrúi Landsvirkjunar Guðmundur Finnbogason og varamaður hans Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir. Bjarni Hlynur Ásbjörnsson fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps og varamaður hans, Haraldur Þór Jónsson. Vilhelmína Jónsdóttir fulltrúi menningar- viðskipta- og ferðamálaráðuneytis og Harpa Þórsdóttir þjóðminjavörður.

Guðmundur Finnbogason valinn formaður og Harpa Þórsdóttir fundarritari fundarins.

2. Farið yfir máldaga til upprifjunar og upplýsingar

3. Helstu verkefni fyrri stjórnar kynnt, fjárhagur og áætlanir framundan

Guðrún skýrði hvert hlutverk hússtjórnar hefur verið, sagði frá Máldaga og síðustu breytingum á honum. Fram kom að Landsvirkjun vinnur að breytingum á Máldaga m. t. t. breytinga á heitum ráðuneyta og minniháttar. Starfsmenn hafa verið þrír undanfarin ár en ekki tveir eins og gert var ráð fyrir og hafa haft gisti- og mótuneytisaðstöðu í Búrfellsvirkjun. Áhersla hefur verið lögð á að ráða ungt fólk úr sveitinni. Umsjón með bókhaldi hefur verið á herðum Landsvirkjun og er vilji til að halda því áfram. Unnið var að viðhaldi í fyrra, austurgaflinn hlaðinn. Guðrún hvatti til að lögð yrði fram heildræn framtíðarsýn um endurgerð og viðgerðir, til að afla meiri fjármuna því það er óheppilegt að vinna í bútum. Kominn tími á töluvert viðhald, sérstaklega hleðslur.

4. Samningur við nýja rekstraraðila kynntur

Guðrún kynnti að í apríl var undirritaður samningur við rekstraraðila í fyrsta sinn. Samningurinn er til 15 ára. Kveður á um lágmarksopnunartíma, endurskoðun leigutekna, ábyrgð leigutaka og ábyrgð hússtjórnar. Þjóðminjasafnið annist fræðslu og skipuleggi námskeið um umhirðu.

5. Rætt um hugmyndir stjórnarmanna um aðkomu að verkefninu

Guðmundur vakti máls á rafmagns- og vatnsmálum. Rafmagnslögn er of lítil miðað við áætlanir rekstraraðila um uppbyggingu og vatnslögn þyrfti að endurskoða. Kom fram í máli sveitarstjórnarmanna, Bjarna og Haraldar að RARIK er að fara í framkvæmdir á svæðinu. Skoða þarf hvaða möguleikar eru fyrir hendi. Koma þarf fyrir stórri rotþró og salernisaðstaða um dalinn fyrir ferðamenn mun eiga að uppfylla þarfir. Horft er til þess að nú eru tímamót á svæðinu, Þjórsárdalur var úr alfaraleið en verður það ekki lengur. Haraldur sagði að viðhorfsbreyting gagnvart gjaldtöku væri orðin og nú sé litið svo á að ferðamenn um svæðið eigi að geta staðið straum af rekstri. Guðmundur sagði að Landsvirkjun vildi minnka ábyrgð sína við rekstur, með þeim breytingum sem nú hafa orðið með tilkomu rekstraraðila verði minni umsvif af hálfu Landsvirkjunar. Vilhelmína sagði að ráðuneytið vildi styðja við uppbyggingu og slík samstarfsverkefni eins og hér væri um að ræða væri fyrirmynd sem vísað er til, af ráðherra ferða- og menningarmála. Framlag Landsvirkjunar væri og hefði verið mikils metið og viðvera þeirra mjög mikilvæg. Þetta er fjárpungur málaflokkur, uppbyggingartími.

Næstu skref: Skoða þarf að sækja um í Uppbyggingarsjóð ferðainnviða (til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis).

Hádegishlé

6. Kynning frá rekstraraðilum: Helgi Haukur Hauksson og Helga Margrét Friðriksdóttir

Helga sagði frá reynslu þeirra undanfarna mánuði. Mikið er um að gestir rugli saman Þjóðveldisbænum og gamla bænum að Stöng. Erfitt hefur reynst að tala við Vegagerðina um skilti við Þjóðveginn og mat þeirra að Þjóðveldisbærinn sé illa merktur í ljósi ýmissa viðbragða gesta. Rakavesen er viðvarandi í salernishúsi. Þau nefndu að bæta þyrfti aðgengi fatlaðra að salernunum og inn í og um bæinn. Brekka frá bílastæði að bænum yrði einnig vandamál á veturna en þau stefna að því að bjóða upp á heilsársþjónustu. Nefndu þau sem hugmynd að færa bílastæði ofan við bæinn, eða setja snjóbræðslu í lokað kerfi til að halda brekkunni hákulausri. Engin aðstaða er fyrir starfsmenn né sér salerni, en aðstaða fyrir starfsmenn er krafa til að fá starfsleyfi. Þau vilja byggja upp aðstöðu og veitingaaðstöðu fyrir einfalda hressingu, verði tilbúið í maí 2024, og að leigutíma loknum geti þau tekið niður bygginguna. Helgi og Helga ætla að sækja um í Uppbyggingarsjóð Suðurlands. Umræður sköpuðust um deiliskipulag og hvort það þyrfti. Sagði Haraldur að það myndi einfalda allar framkvæmdir í framtíðinni en hússtjórnar að ákveða með slík skref, gæti tekið um 4 mánuði. Harpa benti á að Þjóðveldisbærinn væri eftirmynd bæjarins að Stöng og breyting á legu bílastæðis við Þjóðveldisbæinn gæti orkað tvímælis.

Næstu skref: Heimtaug frá RARIK verði skoðað. Óskað var eftir að Helgi og Helga settu niður tímalínu og forgangs röðun á þeirra hugmyndum. Reynt verði að móta umsókn fyrir Uppbyggingarsjóð ferðamannainnið, en umsóknarfrestur rennur út þ. 19.10. n.k.

Næsti fundur ákveðinn 9. eða 10. október, til að fara yfir umbeðin gögn frá Helgu og Helga.

- 7. Ekið að Þjóðveldisbænum og hann skoðaður. Rekstraraðilar kynna þær framkvæmdir sem hafa farið fram og gera frekari grein fyrir áætlunum sínum**
Að lokinni skoðun, innan- og utanhúss var fundi lokið.

Fleira var ekki tekið fyrir.

HP/8.10.2023